

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag fristundabyggðar í landi Skálabrekku, Lindabrekku-, Unnar- og Guðrúnargata.*  
Í deiliskipulaginu felst að á 36 ha svæði er gert ráð fyrir 21 fristundalóð og hafa verið reistar byggingar á þremur lóðum. Nýtingarhlutfall lóða er 0,03 og hámarkshæð húsa eru 4-6 m. Heimilt er að reisa allt að 25 m<sup>2</sup> geymslu, svefnhús eða gróðurhús innan byggingarreits.  
Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2015.
2. *Breyting á deiliskipulagi íbúðarbyggðar í landi Eflingar í Reykholti.*  
Í breytingunni felst að 7 raðhúsalóðum er breytt í 12 íbúðarhúsalóðir og jafnframt er gert ráð fyrir nýrrri aðkomu að svæðinu.  
Samþykkt í sveitarstjórn 4. júní 2015.
3. *Deiliskipulag smávirkjunar í landi Lækjarhvamms, Heiðarár- og Þverárvirkjun.*  
Í deiliskipulaginu sem nær yfir 2 ha virkjanasvæði er gert ráð fyrir 480 KW rennslisvirkjun í Heiðará og Þverá í landi Lækjarhvamms.  
Samþykkt í sveitarstjórn 5. febrúar 2015.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 7. júlí 2015.*  
Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,  
**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 9. júlí 2015